

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2257/2003

2007/EES/9/14

frá 25. nóvember 2003

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar aðlögun á skránni yfir könnunaratríði (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

I. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98:

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

1. Í stað b-, c-, d- og g-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„b) atvinnustaða:

- 1) Vinnumarkaðskönnunin, sem á að fara fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾, skal taka til nýrra og nýframkominna einkenna vinnumarkaðarins á viðunandi hátt.
- 2) Samkvæmt evrópskri framkvæmdaáætlun um félagsmál, sem leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum í Nice í desember 2000, ákvörðun ráðsins 2002/177/EB frá 18. febrúar 2002 um viðmiðunarreglur stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum fyrir árið 2002 ⁽³⁾ og tilmælum ráðsins 2002/549/EB frá 21. júní 2002 um almennar viðmiðunarreglur efnahagsstefnu aðildarríkjanna og Bandalagsins ⁽⁴⁾ skal það hvernig vinna er skipulögð lagað bæði að þörfum fyrirtækja og einstaklinga.
- 3) Könnunaratríðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 577/98, voru ákveðin með hliðsjón af þáverandi þörf á tölfraðilegum upplýsingum og því ástandi sem þá ríkti á vinnumarkaðnum.
- 4) Gagnasöfnun skal ekki vera óhóflega íþyngjandi fyrir svarendur miðað við þær niðurstöður sem notendur könnunarinnar geta af sanngirmi vænst.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE frá 19. júní 1989 ⁽⁵⁾.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 577/98 til samræmis við það.

- atvinnustaða í viðmiðunarviku,
 - áframhaldandi útborgun launa,
 - ástæða fyrir að hafa ekki stundað vinnu þrátt fyrir að viðkomandi sé í starfi,
 - atvinnuleit fyrir atvinnulausa einstaklinga,
 - tegund vinnu sem leitað er að (sem sjálfstætt starfandi eða launamaður),
 - aðferðir við atvinnuleit,
 - möguleiki á að geta hafið störf,
- c) einkenni á aðalstarfi:
- starfsheiti,
 - atvinnustarfsemi starfstöðvar,
 - starf,
 - stjórnunarábyrgð,
 - fjöldi einstaklinga sem vinnur í starfsstöð,
 - land vinnustaðar,
 - landsvæði vinnustaðar,
 - ár og mánuður þegar einstaklingur hóf núverandi starfi,
 - þátttaka opinberrar vinnumiðlunar við leit að núverandi atvinnu,
 - hvort um fast starf er að ræða (ástæður fyrir því),
 - lengd tímabundins starfs eða ráðningarsamnings,
 - hvort um fast starf er að ræða (ástæður fyrir því),
 - samningur við fyrirtæki um framleiðu starfsmanna,
 - hvort unnið er heima,
- d) fjöldi vinnustunda:
- vanalegur fjöldi vinnustunda á viku,
 - raunverulegur fjöldi vinnustunda,
 - fjöldi yfirvinnustunda í viðmiðunarviku,
 - aðalástæða þess að raunverulegur fjöldi vinnustunda er annar en vanalegur fjöldi vinnustunda,“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 25.11.2004, bls. 16.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB); ákvörðun ráðsins frá 4. nóvember 2003.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 60, 1.3.2002, bls. 60.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 182, 11.7.2002, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

„g) atvinnuleit:

- tegund vinnu sem leitað er að,
- hve lengi atvinnuleit hefur staðið,
- aðstæður rétt áður en einstaklingur hóf atvinnuleit,
- skráning á opinberri atvinnumiðlun og hvort viðkomandi er á bótum,
- áhugi einstaklings, sem ekki er í atvinnuleit, á að vinna,
- ástæður fyrir því að einstaklingur hefur ekki leitað að atvinnu,
- skortur á gæslu barna og annarra skjólstæðinga.“

2. Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„n) óhefðbundinn vinnutími:

- vaktavinna,
- kvöldvinna,
- næturvinna,
- laugardagsvinna,
- sunnudagsvinna.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. MORATTI

forseti.